



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi viðbrögð við athugasemdum frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur við húsnæði frístundaheimila

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. janúar 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að strax verði brugðist við þeim athugasemdum/frávikum/ábendingum frá Heilbrigðiseftirliti sem átta frístundaheimili hafa fengið og ekki hefur verið brugðist við. Það er óboðlegt að athugasemdum/frávikum/ábendingum frá Heilbrigðiseftirlitinu sé ekki sinnt strax.

Upplýsinga var aflað um stöðu mála 14. maí 2019.

Sjá töflu hér fyrir neðan.

Uppfærð samantekt vegna fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði um það hversu mörg frístundaheimili hafa fengið athugasemdir/frávik/ábendingar frá Heilbrigðiseftirlitinu sem ekki hefur verið brugðist við.				
Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Staðsetning - heimilisfang	Athugasemdir/frávik/ábendingar frá Heilbrigðiseftirliti sem ekki hefur verið brugðist við	Staðan 14.5.2019
Tjörninn	Selið - Frístundaheimili Melaskóla	Hagamel 1	Já, ólag á hitastigi í handlaugum	Búið að laga.
	Skýjaborgir - Frístundaheimili Vesturbæjarskóla	Vesturvallagötu 10	Já, ólag á hitastigi í handlaugum og óloftræst salerni í kjallara hússins	Búið að laga.
	Halastjarnan - frístundaheimili Háteigsskóla	Háteigsvegi	Já, ólag á hitastigi í handlaugum og vantar loftræstingu og hljóðeinangrun í Hvíta húsið	Búið að laga hitastig í handlaug og hljóðvist en lagfæringu á loftræstingu er í vinnslu hjá USK.
Kringlumýri	Sólbúar - frístundaheimili Breiðagerðisskóla	Breiðagerði 20	Vantar matvælavask í lausum kennslustofum staðsettar á lóð Breiðagerðisskóla	Búið að laga
Gufunesbær	Galdraslóð - frístundaheimili Kelduskóla -Vík	Hamravík 10	Ófullnægjandi aðstaða til að útbúa síðdegishressingu. Málið ekki leyst vegna plássleysis.	Starfshópur um skóla- og frístundastarf í Norðanverðum Grafarvogi er að skoða lausnir til að leysa húsnæðisvanda Galdraslóðar.
Miðberg	Bakkasel - frístundaheimili Breiðholtsskóla	Arnarbakka 1-3	Vantar handlaug í eldhús og þarf að skipta um einn ofn.	Verður framkvæmt 2019
	Vínaheimar - frístundaheimili Ölduselsskóla	Ölduseli 17	þarf loftræstingu í miðrými	Verður hannað og lagfært 2019
	Regnboginn - safnfrístundaheimili	Hólmaseli 4-6	þarf að mála innahúss	Er í áætlun 2019